



Könnun á umfangi rústar í landi Traðar í Bolungarvík

Unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað

Ragnar Edvardsson
Fornleifafræðingur

Október 2006
NV nr. 8-06

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

Sími: 456 7005
Fax: 456 7351

Kennitala: 610397-2209
Netfang: nave@nave.is
Heimas.: <http://www.nave.is>

Inngangur

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða tók að sér að opna tilvonandi rannsóknarsvæði í landi Traðar í Bolungarvík. Árið 2003 var grafinn þrífur á svæðinu og við þá rannsókn kom í ljós bygging, hlaðin úr torfi og grjóti um 10x5 metrar að stærð (Ragnar Edvardsson 2003 og 2004). Sumarið 2006 voru grafnir tveir skurðir á svæðinu með það að markmiði að reyna að átta sig á umfangi rústarinnar (Ragnar Edvardsson 2006, sjá viðhengi). Ljóst var af þeirri rannsókn að nauðsynlegt væri að opna allt svæðið til að átta sig á stærð og umfangi minjanna.

Markmið rannsóknarinnar haustið 2006 var að taka ofan af rústasvæðinu í þeim tilgangi að átta stærð og umfang rústarinnar svo hægt væri að ganga frá útboði verksins. Rannsóknin var unnin í október 2006 og var notast við gröfu til að taka torf ofan af öllu rústasvæðinu. Að því loknu var svæðið hreinsað og allar minjar mældar og teiknaðar upp. Hvergi var grafið niður í mannvistarlög og reynt var að raska byggingum og mannvistarlögum eins lítið og hægt var. Norðan megin á svæðinu var grafinn 2x2 metra stór þrífur til að fá hugmynd um dýpt mannvistarlaga á því svæði.

Fornleifarannsókn

Rannsóknarsvæðið er um 15x15 metrar að stærð og er u.þ.b. 100 m í norðvestur frá bæjarstæði Traðar (kort 1). Á rannsóknarsvæðinu eru leifar þriggja bygginga sem eru frá mismunandi tímum. Líklegt er að sú yngsta sé frá seinni hluta 19. aldar eða jafnvel frá fyrstu áratugum þessarar 20. Óvíst er hversu gamlar þær byggingar eru sem undir liggja þar sem að ekki reyndist unnt að ná sýnum til kolefnisgreiningar við rannsóknina 2003 en þeir gripir sem fundust bentu til þess að hér væri um nokkuð gamlar byggingar að ræða (Ragnar Edvardsson 2003).

Rúst 1.

Rúst 1 er syðst á svæðinu og snýr byggingin nokkurn vegin í austur/vestur og er hún nr. 1 á teikningu 1. Árið 2003 var norður hluti hennar grafinn að hluta til. Byggingin er um 10x6 metrar að stærð og snúa gaflar hennar í austur/vestur. Eingöngu var grafið í efstu mannvistarlögum byggingarinnar og hvergi var grafið niður gólftegund eða óhreyfðan jarðveg. Þessi bygging er hlaðin úr torfi og grjóti og er stór hluti hennar ógráfinn sunnan megin við þrífur frá 2003. Norðan megin við bygginguna er skriða sem fallið hefur úr fjallinu að ofan og er enn ósvarað hvort byggt hafi verið upp við skriðuna eða að skriðan hafi fallið á bygginguna.

Rúst 2.

Rúst 2 er yngst og er vel sýnileg í yfirborði. Rústin snýr hún nokkurn vegin í norður suður og er stærð hennar um 5x5 metrar. Byggingin er nr. 2 á teikningu 1 og er hún byggð úr torfi og grjóti. Hreinsað var frá byggingunni austan megin en ekki var hreinsað innan úr henni þar sem að talið var að það væri óþarfi. Byggingin er greinilega byggð ofan á skriðu sem er norðan megin rústarinnar og sést að steinar eru lagðir á skriðuna norðan megin en eftir því sem sunnar dregur fjölgar steinum í byggingunni. Þessi


bygging er yngst þeirra bygginga sem eru á svæðinu og er líklegt að hún hafi verið byggð seint á 19. öld eða í upphafi þeirrar 20.

Rúst 3


Rúst 3 stendur vestast á svæðinu og virðist lítið vera eftir af þessari byggingu þar sem það leit út fyrir að mannvistarlög á því svæði væru þunn, þ.e. 5 – 10 cm að þykkt. Vestan megin á þessu svæði er hringlaga eldstæði og er það frá 20. öld þar eð gripir sem fundust eru greinilega frá þeim tíma. Byggingin sjálf snýr í austur/vestur og er lítið sem ekkert eftir af henni norðan megin og má það vera vegna þess að skriða hafi fallið á bygginguna. Sunnan megin er steinaröð greinileg

Tafla 1. Helstu upplýsingar um rannsóknarsvæðið í Tröð.

Staðsetning	Stærð svæðis	Fjöldi rústa	Dýpt mannvistaralaga
Tröð í Bolungarvík	15x15 metrar	3	5 – 60 cm



Teikning 1. Rannsóknarsvæðið.



Kort 1. Yfirlitsmynd yfir staðsetningu rannsóknarsvæðisins.

Heimildir

Ragnar Edvardsson. 2003. Tröð í Bolungarvík – Fornleifar vegna byggingar snjóflóðavarna. Áfangaskýrsla 1. Unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 08-03.

Ragnar Edvardsson. 2004. Fornleifarannsókn í Tröð í Bolungarvík. Frumrannsókn unnin vegna byggingar snjóflóðagarðs. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 1-04.

Ragnar Edvardsson. 2006. Viðbótarrannsókn á fornminjum í Tröð. Minnisblað. Náttúrustofa Vestfjarða. Viðhengi.

Viðhengi

Mývatnssveit 16/07/06

Efni: Viðbótarannsókn á fornminjum í Tröð

Dagana 9 – 11 júlí fór fram viðbótarannsókn á fornminjum í landi Traðar í Bolungarvík, en frumrannsókn á svæðinu var gerð árið 2003. Við þá rannsókn voru grafnir nokkrir könnunarskurðir á völdum stöðum innan túnstæðisins. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að talsverðar mannvistarleifar voru innan gamla túnstæðis Traðar. Einn skurður var grafinn svo til í miðju túni Traðar og í honum fannst bygging og talsverðar mannvistarleifar. Skurðurinn var staðsettur við eystri jaðar áðurnefndrar byggingarinnar og niðurstöður þeirrar rannsóknar bentu til þess að mannvistarleifar næðu yfir 40 * 20 metra svæði. Rannsóknin árið 2003 gat ekki gefið nákvæma hugmynd um umfang mannvistarleifanna og því var farið fram á að viðbótaraskurðir væru grafnir á völdum stöðum. Markmið rannsóknarinnar 2006 var að fá eins nákvæmar mælingar og hægt var á stærð og umfangi mannvistarleifanna svo unnt væri að endurhanna snjóflóðavarnargarðinn í þeim tilgangi að komast hjá því að raska minjunum.

Opnaðir voru tveir skurðir vestan megin við skurðinn frá 2003 og var annar þeirra u.þ.b. 6 * 2 metar en hinn 2 * 4 metar að ummáli. Eingöngu var grafið niður á efstu mannvistarlögin í báðum skurðunum. Í skurði nr. 1 sáust syðri endamörk byggingar og í skurði 2. sáust nyrðri endamörk sömu byggingar. Engin skurður var grafinn vestan megin á svæðinu þar sem að skurður frá 2003 hafði gefið góða mynd af stærð byggingarinnar á því svæði.

Rannsóknin 2006 gefur góða hugmynd um umfang mannvistarleifanna í miðju túni Traðar og eru mörk fornminjanna á þessu svæði mjög nokkuð skýr. Mikilvægt er að taka fram að skurðirnir gefa eingöngu hugmynd um umfang minjanna en þeir geta ekki gefið endanlega hugmynd um dreifingu fornminja á svæðinu. Ástæða þess er að skurðurnir eru staðsettir eftir því sem sést í yfirborði og oft sjást engar minjar í yfirborði og því er sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að byggingar og aðrar minjar dreifist um stærra svæði en yfirborðið gefir hugmynd um. Til þess að geta ákvarðað endanlega umfang minjanna á svæðinu verður að opna allt svæðið því eingöngu á þann hátt er hægt að sjá skýr mörk milli mannvistarleifa og óhreyfðs jarðvegs. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda þó til þess að rústin í miðju túnstæði Traðar sé um 35 * 15 metrar að umfangi.


Ragnar Edvardsson

Deildarstjóri fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða.


id	x	y	z
1	-13.098808	18.465216	43.619
2	-13.110649	18.459670	44.224
3	-13.112007	18.461803	44.593
4	-13.130667	18.456851	45.572
5	-13.134098	18.471828	47.090
6	-13.109204	18.477123	45.752
7	-13.113047	18.462056	44.540
8	-13.118472	18.461362	44.919
9	-13.118667	18.463769	45.017
10	-13.113201	18.463853	44.797
11	-13.113987	18.462387	44.561
12	-13.113638	18.463283	44.832
13	-13.113714	18.463784	44.956
14	-13.114602	18.463513	44.845
15	-13.115127	18.463443	44.986
16	-13.115308	18.462168	44.697
17	-13.116321	18.461883	44.923
18	-13.116476	18.462474	44.920
19	-13.116828	18.463508	44.927
20	-13.117385	18.462328	44.948
21	-13.118127	18.461821	44.919
22	-13.118458	18.463274	44.982
23	-13.122911	18.468229	46.009
24	-13.124225	18.467808	46.037
25	-13.124970	18.472462	46.388
26	-13.123367	18.472655	46.267
27	-13.124707	18.472304	46.515
28	-13.123601	18.471617	46.249
29	-13.124526	18.471133	46.242
30	-13.123880	18.470957	46.317
31	-13.123295	18.470499	46.164

32	-13.124253	18.469663	46.082
33	-13.123320	18.469335	46.104
34	-13.123235	18.468994	46.117
35	-13.123065	18.468518	46.054
36	-13.124260	18.468665	46.105

Tafla 1. Listi yfir mælipunkta við rannsóknina sumarið 2006. Mælingarnar eru í hnitakerfi Bolungarvíkur. Punktar 1 – 6 afmarka það svæði sem búasta má við fornminjum, punktar 7 – 36 eru mæli- og hæðarpunktar í fornleifarannsókninni.



Kort 1. Yfirlitskort yfir túnstæði Traðar í Bolungarvík.



Kort 2. Skurðir 2006 og uppmælingar á rústasvæðinu. Púnktar 1 – 6 afmarka það svæði þar sem má búast við mannvistarleifum.